

þanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal órakskað. Áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen greiði stefndu, Ólafi V. Ófeigsyni, Agústa Jónssyni, Ársæl Jónssyni, Guðna Jónssyni og Einari Jónssyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. dag marzmán.

Nr. 2/1912:

Réttvísinn

gegn

Katrínu Jónsdóttur

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 26. nóv. f. á. var hin ákærða Katrín Jónsdóttir, bústýra í Keflavík, dæmd samkvæmt 240 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 12 krónur í málsvarnarlaun og ferðakostnað til talsmanns hennar fyrir

aukaréttinum, Ágústs Jónssonar hreppstjóra í Keflavík; en dómi þessum hefir hluteigandi sýslumaður eftir ósk ákærðu og samkvæmt tilskipun 24. jan. 1838 skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærðu, sem styðst við aðrar skýrslur málsins, að hún síðastliðinn vetur eða vor þáði og tók til sín 5 króna peningaseðil, er dóttir hennar, 13 ára gömul, hafði fengið að gjöf hjá annari telpu 12 ára gamalli, Kristínu Antonsdóttur, og var ákærðu þó kunnugt um, að telpa þessi hafði stolið seðlinum frá húsmóður sinni og fósturu. Það er og á sama hátt sannað, að fyrir 20 krónur, er áminzt dóttir ákærðu hafði um líkt leyti þegið af nefndri Kristínu og Kristín hafði einnig stolið frá fósturu sinni, keypti sama dóttir ákærðu og einnig Kristín þessi ýmislegt til heimilisparfa ákærðu, kaffi, kramvöru og fl., og hirti ákærða muni þessa og það sem af gekk af peningunum, um 4 kr., þótt hún vissi hvernig fé þetta var fengið. Þá er það enn sannað, að ákærða í maímánuði síðastl. tók við til geymslu fyrir nefnda Kristínu 50 króna seðli, er Kristín skýrði henni frá, að hún hefði stolið frá fósturu sinni og sömuleiðis böggli með kramvöru, er Kristín hafði keypt handa sjálfri sér fyrir peninga, er hún hafði stolið frá sömu. Loks er það sannað, að ákærða tók við af Kristínu þessari, til að leggja launung á, 1 kr. 36 a., er Kristín hafði að hennar vitund stolið úr peningaboxi í brauðsölubúð þar í Keflavík.

Ákærða hefir skilað aftur mest öllu því, er hún á fyrgreindan hátt tók á móti.

Afbrot ákærðu, sem er komin langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefir áður sætt hegningu eða ákæru

fyrir neitt lagabrot, er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 240. gr. alm. hegningarlaga, en refsingin fyrir það þykir hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann með nefndri breytingu, að því er hegninguna áhrærir. Ákærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Katrin Jónsdóttir, sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að verða óraskaður.

Ákærða greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.